

2. Stjórnarfundur FORMA 2011 – 2012

Dags: 3. nóvember 2011, kl. 16:30

Staður: Gamli skóli, meistarastofa.

Mætt: Drífa Þorgrímsdóttir, Helgi Þ. Svavarson, Herdís Zóphóníasdóttir, Sigrún Birna Sigtryggisdóttir og Ólína Freysteinsdóttir sem kom undir lok fundarins.

1. **Fundarsetning:** Helgi Þ. Svavarsson setti fundinn og stjórnaði honum.
2. **Fundargerð síðasta fundar:** Engar athugasemdir bárust við fundargerð síðasta fundar og hún því verið send til Sverris Páls.
3. **Sundkort fyrir framhaldsskólanemendur á Akureyri**
Helgi hafði samband við Valgerði Bragadóttur í foreldrafélagi VMA varðandi sameiginlega umsókn skólanna um afsláttarkort fyrir nemendur í sund. Skrifað var bréf, sem til stendur að senda, þar sem farið var fram á að Akureyrarbær bjóði nemendum framhaldsskólanna, á aldrinum 16-20 ára, upp á að geta keypt annarkort í sund á sambærilegum kjörum og grunnskólanemendur fá í dag, gegn framvísun staðfestingar á skólavist.
4. **Skálaferðir, reynslan hingað til og framtíðar fyrirkomulag greiðslna.**
Skálaferðirnar fóru vel af stað en heimtur á greiðslum fyrir þær eru alls ekki nógu góðar. Rætt hvernig hægt sé að bæta greiðslufyrirkomulagið en Helgi og Herdís ætla að byrja að kanna málið.
5. **Önnur mál**
 - a. **Fundur FORMA og HUGINS**
Herdís ætlar að kanna hvenær 2 - 3 stjórnarmeðlimir FORMA geta hitt stjórn Hugins til þess að ræða m.a. sundkortin og skálaferðirnar.
 - b. **Handbók foreldraráða framhaldsskólanna**
Herdís Zóphóníasdóttir afhenti viðstöddum stjórnarmeðlimum FORMA ljósrit af handbók foreldraráða framhaldsskólanna frá Heimili og skóla.
 - c. **Kynning á Forma**
Rætt um nauðsyn þess að vera formleg við kynningu á Forma á árlegum kynningafundi nýnema og hversu sýnilegt starf FORMA er.
6. **Næsti fundur**
Næsti fundur ákveðin 2. desember kl. 16:30 í Meistarastofu.

Fundi slitið klukkan 17:35.

Drífa Þorgrímsdóttir
fundarritari.